

**Nd.**

**706. Frumvarp til laga**

[259. mál]

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. maí.)

Samhljóða þskj. 575 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir skólanemendur, sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi:

- 1) Þeir, sem lokið hafa skyldunámi.
- 2) Þeir, sem verða að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins.
- 3) Þeir, sem stunda reglulegt nám, sem framhaldsskóli skv. lögum þessum viðurkennir sem áfanga að réttindum eða prófi, er hann veitir.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveðið verður meðal annars á um lágmarksnámstíma og hlutfallslega upphæð styrkja miðað við skóla með lengstan árlegan starfstíma og eigi færri en 30 vikustundir.

Eigi skulu njóta styrks eftir lögum þessum:

- a) Þeir, sem eiga rétt til lána eða styrkja samkvæmt lögum nr. 7 frá 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki. Nú njóta nemendur annarrar opinberrar námsaðstoðar eða styrkja, og er þá heimilt, séu þau framlög lægri en greitt mundi verða samkvæmt þessum lögum, að veita styrki, sem mismuninum nemur.
- b) Þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum, að undanteknum sumarleyfum eða kennsluhléum. Nú tekur nemi í iðn eða annarri starfsgrein samningsbundin lágmarkslaun, og skal þá heimilt að greiða honum sérstaka námsstyrki vegna skólanáms, enda fullnægi hann öðrum skilyrðum um styrkveitingu, að undanskildum ákvæðum um lágmarksnámstíma og árlegan starfstíma skóla, sbr. 2. mgr. þessarar greinar. Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
- c) Þeir, sem ekki ljúka námsáfanga á tilskildum tíma, nema gildar ástæður séu fyrir töfum í námi.

5. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra getur heimilað námsstyrkjanefnd að verja einhverjum hluta af heildarfjárveitingu í þessu skyni:

- a) að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum 2. greinar þessara laga, ef hann sannanlega að öðrum kosti getur ekki stundað nám vegna efnaleysis,
- b) að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma, enda sé efnahagur þeirra þröngur.
- c) að veita skólanemanda námsstyrk, ef sérstakar ástæður mæla með því, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr. þessara laga.